
Tillaga að ályktun um Strandabyggð sem þjónustumiðstöð Stranda og við Djúp

Strandabyggð þjónar lykilhlutverki hvað viðtæka þjónustu varðar til sveitarfélaga á Ströndum og þeirra sem fara þar hjá og um Ísafjarðardjúp. Í Strandabyggð eru Vegagerðin, Orkubú Vestfjarða, Lögreglan, Sýslumaðurinn á Vestfjörðum, Björgunarsveitin Dagrenning, Sorpsamlag Strandasýslu, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, þjónusta lækna og sjúkrabíls, leik- og grunnskóli o.s.frv. Öll framtíðar uppbygging, hvort sem það er í atvinnu- eða mannlífi, byggir á því, að þessir innviðir séu traustir og fjármögnun þeirra trygg.

Það skiptir Strandabyggð líka miklu máli að samgöngur til Ísafjarðar og norðanverðra Vestfjarða séu öruggar og þá er horft til mikilvægis Álftafjarðarganga. Þarna eru sameiginlegir hagsmunir Strandabyggðar með sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum, m.t.t. vöruflutninga, afurða úr laxeldi, aðfanga vegna uppbyggingar atvinnulífs, aðgengi að framhaldsmenntun á Ísafirði og auðvitað ferðalaga fólks, hvort heldur sem er íbúa eða ferðamanna. Hugsanlegar sameiningarviðræður sveitarfélaga hér spila líka inn.

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 16. og 17. september 2025 í Félagsheimilinu Hnífsdal, Ísafjarðarbæ, skorar á stjórnvöld að stofna aðgerðarhóp með sveitarfélögunum á Ströndum, þar sem þessi áhersluatriði verði skoðuð heildstæð og tillögur að varanlegum lausnum lagðar fram. Er jafnframt lagt til að sá hópur skili af sér tillögum fyrir árslok.

Flutningsmaður: Þorgeir Pálsson fyrir hönd Strandabyggð